

83. fundur Atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn í ráðhúsinu þriðjudaginn 26. Ágúst 2014 kl. 18.

Mætt voru: Sturla Böðvarsson bæjarstjóri, Þorgrímur Kristinsson, Berglind Þorbergsdóttir, Ólafur Örn Ásmundsson, Ásgeir Árnason, Svanborg Siggeirsdóttir, Hjördís Pálsdóttir og Heiðrún Höskuldsdóttir.

Þorgrímur Kristinsson formaður setti fundinn, leggur til að Ólafur Örn verðir ritari nefndarinnar, var það samþykkt.

1. Sturla Böðvarsson bæjarstjóri fer yfir reglur varðandi kosningu/skipan í nefndir. Eins hlutverk nefndarinnar, að nefndin sé bæjarstjórn til aðstoðar.
2. Þorgrímur Kristinsson, talar um að þegar líður að hausti sé erfitt að fá fólk til vinnu eftir að skólafólk fer aftur til náms, í Skipavík sé skortur á menntuðum iðnaðarmönnum, skortur á húsnæði fyrir nýtt fólk sem hefur hug á að flytja í bæinn.
3. Sturla talar um hugmyndir og byggingu leiguíbúða, að Stykkishólmsbær komi að því með að leggja til lóðir og afslátt af gatnagerðargjöldum umræða um lóðaframboð í bænum.
4. Svanborg spyr um MATÍS, hvort hugmyndir séu uppi um að opnað verðir útibú hér.
5. Ásgeir spyr hvort standi til að leita eftir meira af heitu vanti. Sturla nefnir að viðræður séu hafnar við Orkuveituna og að svara sé beðið frá þeim.
6. Sturla kynnir hugmyndir um að taka á leigu flugstöðina sem er í eigu ISAVIA og koma húsinu í notkun t.d. með fjarnámssetri.
7. Þorgrímur leggur til að nefndin fundi einu sinni á mánuði.

Fundi slitið kl. 19:00.

Berglind Lilja Þorbergsdóttir (sign),
Heiðrún Höskuldsdóttir (sign),
Hjördís Pálsdóttir (sign),
Ásgeir Árnason (sign),

Svanborg Siggeirsdóttir (sign),
Þorgrímur Kristinsson (sign)
Ólafur Örn Ásmundsson (sign),
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri (sign).